

Mál nr. 218/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 8. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júlí 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu var bifreiðinni X ekið aftan á bifreið M á Suðurlandsvegi við afleggjarann að Heiðmörk þann 11. mars 2018. Samkvæmt málskoti leitaði M á heilsugæsluna í Árbæ tveimur dögum eftir áreksturinn vegna versnunar á landvarandi bakverkjum. Leitaði M svo aftur á heilsugæsluna rúmum tveimur árum síðar eða þann 25. september 2020 vegna versnandi verkja og auknum stirðleika frá baki sem hann rakti til umferðarslyssins í mars 2018. Í fyrirbyggjandi læknisvottorði kemur fram að M hafi sögu um bakverki eftir umferðarslys árin 2008 og 2009. M tilkynnti líkamstjón sitt til V og með tölvupósti dags. 14. júlí 2021 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með þeim rökum að V teldi ósannað að einkenni M í dag mætti rekja til slyssins í mars 2018.

M fer fram á að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu X. Þó einhver tími hafi liðið frá slysi þar til M leitaði í annað sinn til læknis vegna þess, er í ljós leitt að hann varð fyrir áverka við slysið sem staðfestur var af lækni nokkrum dögum eftir slysið. Þá hafa aðrir læknar og sjúkraþjálfari staðfest það með framlögðum sjúkragögnum. M hafi í fyrsta lagi verið verkjalaus fyrir slysið. Í öðru lagi var áreksturinn harður og líklegur til að valda umræddum einkennum. Í þriðja lagi hafa einkenni M haldist stöðug stuttu eftir slysdag og til dagsins í dag. Í fjórða lagi hefur V ekki sýnt fram á aðrar orsakir fyrir þessum einkennum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð. Mjög langt líður á milli læknskoma og engin samfella í lýsingum M á einkennum. Einkennum sem er lýst eru almenn einkenni sem hrjá fjölmarga án þess að slys hafi komið til sérstaklega þegar viðkomandi vinnur erfiðisvinnu við áfyllingar eins og í tilfelli M. Þá kemur fram í sjúkragögnum að M fann fyrir sömu einkennum frá baki í mörg ár fyrir slysið. Auk þess hefur M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesta orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M í dag megi rekja til árekstursins þann 11. mars 2018. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði tveimur dögum eftir slysið á Heilsugæsluna Árbæ og lýsti versnun á langvarandi bakverkjum. Taldi læknir líklegt að um tognun væri að ræða og taldi ekki þörf á frekari rannsóknum og að M ætti að koma í endurmat eftir þörfum. M leitaði svo ekki aftur til læknis fyrr en 25. september 2020, rúmum tveimur og hálfu ári eftir áreksturinn. Við komu á heilsugæsluna þann dag upplýsti M að hann hefði þrívægis lent í umferðarslysi, seinast fyrir tveimur árum. Hafði hann ekki mikla verki fyrst um sinn eftir það slys en síðastliðna mánuði fundið fyrir auknum stirðleika og verkjum í baki sem nú voru til staðar daglega. Kvaðst M vinna líkamlega erfiða vinnu og lýsti einnig auknu andlegu álagi síðastliðnar vikur. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að kvartanir M eftir slysið hafi ekki verið samfelldar þar sem rúmlega tvö ár liðu milli læknisheimsókna vegna einkenna frá baki. Auk þess hafði M samkvæmt læknisvottorði dags. 31. maí 2021 átt sögu um bakverki vegna fyrri umferðarslysa árin 2008 og 2009. Ekkert í gögnum málsins styður frásögn M um að einkenni hans frá baki hafi haldist stöðug frá því stuttu eftir slysið til dagsins í dag. Verður M að bera hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hans sé rakið til þess áreksturs sem hér um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir